

Félag heimspekikennara

Menntamálaráðuneytið

Skýrsla um starf ársins 2010-2011

Þar sem félagið var endurreist vorið 2010 hefur árið farið í að finna taktinn í starfinu, safna félögum og finna verkefni sem hæfa og efla viðgang heimspekinnar í skólum á Íslandi. Við teljum að nú sé góður meðbyr með okkur og viljum gjarna nýta okkur hann til góðra verka og eflingar menntunar og gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Það er djúp sannfæring okkar að heimspekin eigi ríkt erindi um allt skólakerfið og að rammi og grunnhugmyndafræði nýju laganna styðji þetta.

Haustið 2010 hélt félagið námskeið í heimspekilegri samræðu undir stjórn Oscars Brenifier. Var námskeiðið vel sótt og gerðu þátttakendur að því góðan róm. Námskeiðið var haldið í Garðaskóla í samstarfi við heimspekilegt þróunarverkefni í Garðabæ, sem er stýrt af stjórnarmönnum í félagi okkar, Brynhildi Sigurðardóttir og Ingimari Waage. Félagið stefnir áfram að góðu samstarfi við Brenifier og eru meðal annars í degilunni fjarfundir með honum.

Við sóttum um styrk til SEF til að halda námskeið um viðfangsefni tengd trú og andlegum málum og fengum, en því miður voru ekki nógu margir áhugasamir svo fella varð námskeiðið niður. Við þurfum að læra af þessari reynslu og næsta vetur er rétt að við efnum til samstarfs við önnur félög um spennandi námskeið. Lýsing á námskeiðinu fylgir í viðhengi.

Félagið hefur komið upp léninu www.heimspekitorg.is. Er búið að hanna grunn vefsins en eftir að fylla í hann. Ritstjórn skipa: Brynhildur Sigurðardóttir, Skúli Pálsson og Einar Kvaran og Íris Reynisdóttir. Verður spennandi verkefni að finna vefnum farveg og fylla hann af spennandi efni. Var ákveðið á stjórnarfundi að verja 50.000,- krónum til að greiða fyrir vinnu við að fylla út í og halda vefnum lifandi.

Björn Egilsson, Elsa Haraldsdóttir og Ólafur Páll Jónsson unnu gott starf í að kanna stöðu mála tengdu nýju námskránni og námsefnismálum sem var kynnt á fundi á vordögum. Ármann Halldórsson, formaður félagsins, hefur verið valinn í Skólamálanefnd Félags Framhaldsskólakennara og kemst þar með að vissu leyti í ákveðna aðstöðu til að fylgjast með og styrkja stöðu greinarinnar í þróun skólamála.

Haldinn var aðalfundur 25. maí 2011 í Verzlunarskóla Íslands. Hófst fundurinn með innleggi og samræðum með Sigríði Þorgeirsdóttur sem ræddi menningu innan heimspekinnar, einkum í ljósi kynjasjónarmiða og menningarlegrar fjölbreytni, eftir það voru hefðbundin aðalfundarstörf.

Félagið áætlað í haust smiðju með Hauki Inga Jónassyni, sem var ætlað að vera með hluta námskeiðsins sem féll niður. Nú í júní hófust svo reglulegar æfingar í samræðum þar sem við prófum aðferðir og hugmyndir hvert á öðru, ætlunin er að slíkar æfingar verði mánaðarlega í framtíðinni.

Stjórn 2010-2011

Ármann Halldórsson, formaður, Ingimar Waage, ritari, Björn Rúnar Egilsson, gjaldkeri, Þórdís Hauksdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn 2011-2012

Ármann Halldórsson, formaður, Ingimar Waage, ritari, Þórdís Hauksdóttir, gjaldkeri, Brynhildur Sigurðardóttir, meðstjórnandi.

Fyrir hönd stjórnar, Ármann Halldórsson, formaður

Viðhengi:

Ársreikningur

Námskeiðsumsókn

12. febrúar 2011

Sálin, trúin og veruleikinn: sýnir úr austri og vestri.

Umsækjandi: Félag heimspekikennara

Pátttakendur: heimspeki og félagsgreinakennarar í grunn- og framhaldsskólum og leikskólakennarar.

Umsóknarfrestur: 1. maí 2011.

Hámarksfjöldi: 30

Markmið

- Kennarar efli með sér færni í að fjalla um hugmyndir trúarbragða á heimspekilegan hátt og leggi drög að þróun á efni sem þeir geta notað í kennslu.
- Kennarar átti sig á fjölbreyttum uppsprettum efnis til að nýta sér í umfjöllun um þessi mál.
- Kennarar þrói með sér aukna víðsýni og þekkingu á ólíkum hugmyndum úr trúarbrögðum og andlegri iðkun.

Efni

Að kryfja hugmyndir úr trúarbrögðum; einkum búddisma og kristinni guðfræði um sál og trú og athuga hvernig nýta má þær í kennslu í heimspeki, siðfræði og félagsgreinum á ýmsum skólastigum til gagns og upplýsingar. Jafnframt verður lögð áhersla á mögulegri útfærslu á iðkun, t.d. hugleiðslu, í kennslu og hvernig nýta má gögn á borð við kvikmyndir til að nálgast flókin viðfangsefni.

Umræða um trúmál; skil trúboðs og fræðslu í menntastofnunum undanfarið sýnir að mikil þörf er að greina viðfangsefnið með tilliti til ólíkrar afstöðu þeirra sem koma að starfinu í skólunum.

Kennarar:

Haukur Ingi Jónasson, 090866-5169 guðfræðingur og sálgreinir, [861 6887](tel:8616887)
Þórhalla Björnsdóttir, 130650-2449, sérfræðingur í búddisma
Þórdís Hauksdóttir, 151064-3109, framhaldsskólakennari
Ármann Halldórsson, 040669-3889, framhaldsskólakennari

Staðsetning:

Verzlunarskóli Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík

Dagskrá

- 28. maí, laugardagur með Hauki Inga Jónassyni (5 stundir)
- 10. júní: Ármann Halldórsson: notkun kvikmynda til umfjöllunar um málefni andans, rýnt í Donnie Darko og aðrar myndir (8 stundir)
- 11. júní: Búddismi með Þórhöllu (4 stundir), úrvinnsla (4 stundir)
- 12. júní: Andleg iðkun í kennslu með Þórdísi (8 stundir)

Kostnaður: 450.000 (kennsla: 300.000 umsjón: 50.000, veitingar 100.000).

Umsjón: Ingimar Waage, ingimar@gardaskoli.is

